

## 3. gr.

Fyrir skráningu vörumerkis og fyrir endurnýjun skráningar skal greiða gjald kr. 5 500.— fyrir hvern flokk, sem samþykktur er til skráningar eða endurnýjunar merkisins.

## 4. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald kr. 4 000.—

## 5. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir staðfest myndrit af tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist gjald kr. 3 000.— Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett, skal greiða gjald kr. 3 000.— fyrir hvern flokk, sem rannsóknin nær til.

## 6. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 40 000.— Gjöld fyrir endurnýjun gæðamerkis og vöruflokka er hið sama og fyrir almenn vörumerki.

## 7. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 6. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd, þótt um skráningu eða endurnýjun sé synjað, eða tilkynning eða beiðni afturkölluð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47, 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi 1. janúar 1980, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis, nr. 435 29. desember 1978.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1979.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Gunnar Guttormsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Garði, Gerðahreppi.

Að tillögum hreppsnefndar Gerðahrepps og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Garði:

1. Stöðvunarskylda, sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga, verður á umferð af Heiðarbraut inn á Garðbraut.
2. Biðskylda, sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga, verður á umferð af Sunnubraut inn á Gerðaveg.

Reglur þessar taka þegar gildi.

*Lögreglustjórinn í Gullbringusýslu, 14. nóvember 1979.*

Jón Eysteinnsson.